

Tvær sýningar opnaðar í Hafnarhúsinu í dag

Sigurður Guðmundsson og ný D-sýning

Tvær nýjar myndlistarsýningar verða opnaðar í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsinu í dag. Annars vegar er um að ræða sýninguna Mállausir kjarnar með ljósmyndaverkum eins af virtustu listamönnum Þjóðarinnar, Sigurðar Guðmundssonar. Nýjustu verk Sigurðar eru stórar ljósmyndir af fólki teknar á hefðbundna filmuvél. Myndunum hefur ekki verið breytt eftir á með stafrænni tækni, en þær eru festar á álplötur, innrammaðar og sýndar undir gleri. Við gerð verkanna skapaði Sigurður aðstæður þar sem allt áreiti var útilokað frá meðvitund fólksins á myndunum eins og frekast var kostur. Í sumum tilfellum lét hann dáleiða viðfangsefni sín til að ná fram hugarástandi algjörrar einbeittni. Það er undir meðvitundin sem við verðum vitni að í



Í D-salnum Eitt af verkum Gunnhildar á sýningunni.

Þessum verkum. Á sýningunni eru einnig tvö ný myndbandsverk. Sýningin verður opnuð klukkan 17.00 og tekur listamaðurinn þátt í leiðsögn um sýninguna klukkan 20.

Ný sýning í D-sýningaröðinni

Hin sýningin sem verður opnuð í Hafnarhúsinu í dag er hluti af D-sýningaröðinni í D-sal safnsins. Gunnhildur Hauksdóttir sýnir þar innsetningar, myndbandsverk og gjörninga, gjarnan með einföldum vísunum sem opnar eru fyrir túlkun áhorfandans og fjalla um manninn, umhverfi hans og viðmið.

Gunnhildur fæddist árið 1972 og hefur sýnt verk sín víða um heim. Hún útskrifaðist sem myndlistarmaður frá Listaháskóla Íslands árið 2001 og stundaði framhaldsnám í myndlist við Sandberg Institute í Amsterdam 2002 til 2005. Hún er meðlimur í hinni alþjóðlegu Dieter Roth-akademíu og hefur starfað í Berlín undanfarin ár.



Síðustu sýningar

Síðustu sýningar Íslenska dansflokksins á febrúarsýningunni Dans-anda verða í Borgarleikhúsinu föstudaginn 14. mars og sunnudaginn 16. mars. Sýningin samanstendur af tveimur ólíkum verkum eftir tvo af mest spennandi danshöfundum Norðurlanda, þá Jo Strömberg frá Noregi og Alexander Ekman frá Svíþjóð.



Arnar sýnir í Populus tremula

Arnar Tryggvason opnar myndlistarsýningu í Populus tremula næstkomandi laugardag klukkan 14. Þetta er önnur einkasýning Arnars sem útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Myndlistaskólanum á Akureyri árið 1995. Verkin á sýningunni eru tölvunnar ljósmyndir, bleksprautuprentaðar á striga. Hvert verk er samsett úr aragrúa ljósmynda sem Arnar bútar niður og raðar saman upp á nýtt – byggir ný hús og mótar nýtt landslag.

Strengjasveitir á tónleikum

Strengjasveitir Tónlistarskólans í Reykjavík spila á tónleikum í Áskirkju á laugardaginn klukkan 15. Leikin verða verk eftir Purcell, Grieg, Brahms og Vivaldi. Stjórnendur strengjasveitanna eru Sigurgeir Agnarsson og Mark Reedman og einleikari á selló verður Ásta María Kjartansdóttir. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Öll lífsins list Akureyri

Listasafnið á Akureyri
Opnun kl. 15 á sýningunni BÆ BÆ Ísland.

Jónas Viðar Gallery
Árleg páskasýning kl. 14:30 - 18

Deiðlan
Jón Garðar Henrysson
Baklanð kl. 14:30

Vinnustofan Báshús
Listakonurnar Sveinka, Bogga og Steinunn Ásta taka á móti gestum kl. 17 - 19

GalleriBOX
Hrafnkell Sigurðsson
Vörverk kl. 14 - 17

Ketilhúsið
Tónverkið Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands kl. 14

DaLí Gallery
Puríður Sigurðardóttir
Stóð kl. 17 - 19

Populus Tremula
Arnar Tryggvason
myndlistarsýning kl. 14

Gilfélagið
Karlakór Akureyrar
Geysir syngur í Listagilinu kl. 15

Gallerí Veggverk
Þórarinn Blöndal
Ský á VeggVerki

Gilfélagið
DJ Sverrir þeytir skífur í Listagilinu kl. 15 - 17

Ketilhúsið
Gluggalistaverk Paul Fortin.

Café Karólína
Unnur Guðrún Póstkona
Jón Laxdal Úr fornsmiðju

Gallerí Svartfugl og Hvítspói
kl. 11 - 14

Kunstraum Wohnraum
Ragnar Kjartansson
Allt er gott að fréttu af Póesiunni
16. mars kl. 11 - 13

15. mars Listviðburðir og opnanir um allan bæinn

www.visitakureyri.is